

Aðalfundur Delta - deildar 2018
Haldinn 12. maí að Þórshamri, Reykholti í Borgarfirði kl. 12.00.

Mættar: Guðlaug Sverrisdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Gyða Bergþórsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Sóley Sigurþórsdóttir, Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir, Þrúður Kristjánsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir og Ásta Egilsdóttir.

Forföll boðuðu:

Soffía Sigurjónsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Dagný Emilsdóttir, Brynja Helgadóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, Kristín Thorlacius, Þórunn Reykdal, Hildur Þorsteinsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Ingibjörg Konráðsdóttir og Valgerður Janusardóttir sem er á leið inn í Delta deild.

Fundurinn hófst á óformlegu spjalli og var nýliðinn vorfundur DKG m.a. til umræðu. Því næst var matmikill og eðalgóður hádegisverður sem Jónína húsráðandi framreiddi. Að honum loknum var gengið til formlegrar dagskrár.

Dagskrá:

1. Setning. Guðlaug setti fund og bauð fundarkonur velkomnar.
2. Kveikt á kertum. Jónína Eiríksdóttir kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
3. Nafnakall og kveðjur. Félagskonur lásu upp heilræði af spjöldum frá Hugarfrelsi. Guðlaug flutti kveðjur frá fjarstöddum félagskonur. Hún tilkynnti jafnframt að Inga Stefánsdóttir væri hætt í DKG vegna veikinda.
4. Afmælissöngurinn sunginn til heiðurs Sóleyju sem varð sextug fyrr á árinu.
5. Markmið DKG. Jónína Erna las upp markmið DKG.
6. Fundargerð síðasta fundar. Ásta las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með einni sögulegri viðbót (sjá í fundargerð 4. fundar).
7. Erindi. Sigrún Jóhannesdóttir flutti erindi sem hún nefndi *Delta til dádá – Gildi þess að vera virkur í DKG*.

Í upphafi máls síns minnst hún mætra DKG kvenna sem fallið hafa frá nýlega, þeirra Þuríðar J. Kristjánsdóttur, Áslaugar Brynjólfsdóttur, Rannveigar Löve, Sigríðar Valgeirsdóttur og Jennu Jensdóttur en allar náðu þær háum aldri og voru ætíð virkar í starfi DKG.

Sigrún hóf erindi sitt á að ræða 30 ára afmæli Delta deildar sem við fögnuðum hátíðlega og sagði hún að allir bestu eiginleikar deildarinnar hafi kristallast í þeim fundi. Eftir að hafa vaxið og dafnað, fræðst og glaðst saman þessi 30 ár væri hollt að velta fyrir gildi félagsskaparins fyrir okkur. Hvað hana snertir þá hefur hann verið ein af meginstöðum í þjálfun og þroska á hennar ferli en Sigrún var fyrsti formaður Delta deildar, verkefni sem hún tók að sér en hafði þó litla vitneskju um. En þrátt fyrir að vita lítil deili á starfinu lögðu hún og aðrir stofnfélagar sitt af mörkum, með dyggum stuðningi frá landssambandsstjórn DKG, til að njóta þeirra tækifæra sem DKG færði þeim, þ.e. öfluga stoð til aukins félagslegs og faglegs þroska. Því meir sem maður leggur inn í félagið þeim mun meira fær maður til baka.

Sigrún fjallaði um DKG sem alþjóðasamtök sem starfa í þremur víddum og fór með stefnuýfirlýsingu samtakanna sem er að „*stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum menntunar og uppeldisstörfum*“ og bað hún fundarkonur um að fara með yfirlýsinguna með sér í einum kór. Það væri gott að geta farið með yfirlýsinguna þegar fólk spyrði hvað við fengjumst við í þessum félagsskap. Við værum þátttakendur í samfélagi þvert á lönd og álfur sem hefur það að markmiði að hvetja, efla, heiðra, styrkja, styðja, veita og fræða en þetta eru helstu sagnorðin í meginmarkmiðum DKG. Sagði Sigrún það forréttindi að eiga aðild að DKG, samtökum sem vinna að því að efla okkur og þroska án samkeppni og að það væri hvíld að koma inn í slíkt samfélag. En Sigrún spurði einnig, í ljósi þess að fækkað hefur í samtökunum á alþjóðavísu, hvort markmiðin væru orðin úrelt, hvort þau væru of þröng og hindrun fyrir starfið ef tekið værir mið af

samfélagsbreytingum sem hafa orðið síðan þau voru sett árið 1929. Markmiðin hafa þó verið endurskoðuð ofan í kjölinn við fleiri en eitt tækifæri bæði hérlandis og á þingum erlendis. Niðurstaðan hefur ætíð verið sú að þau væru góð og gild en vinnuaðferðir og efnistöð yrði að endurskoða reglulega í takt við tíðarandann á hverjum tíma. Vonandi yrði aldrei úrelt að hvetja, efla, heiðra, styrkja, styðja, veita, fræða. En Sigrún hún varpaði því fram hvort ekki mætti velta upp nýjum hugsunum og bæta inn sögnum á borð við að skapa og að breyta og skapa ný markmið með þeim orðum.

Í niðurlagi orða sinna sagði Sigrún: „Það sem mér finnst mikilvægast í okkar starfi er að skapa það andrúmsloft að við séum að laða fram það sem við búum yfir hver og ein og miðla því áfram – gefa og þiggja og þegar okkur tekst að virkja hverja og eina til að gefa af sér skapast andrúmsloft þar sem útkoman er miklu stærri en summan - synergy. Við fyllumst óskilgreinanlegri orku og gleði.“ Sagði Sigrún okkur í Delta deild hafa upplifað slíka stund í Ensku húsunum þar sem við veltum fyrir okkur hamingjunni og núvitund og fundum glöggst hversu dýrmæta stund við áttum saman þar. Þakkaði hún í lokin fyrir gefandi félagskap sem svo sannarlega hvetur, eflir, heiðrar, styrkir, styður, veitir, og fræðir og bætti við skapar og breytir!

8. Hópvinnu út frá erindi Sigrúnar:

- Hvernig getum við eft starf Delta deildar? Hugmyndir að þeim.
- Á hvaða hátt getum við látið gott af okkur leiða í samfélaginu?
- Tillögur að nýjum geislum.

Guðlaug fylgdi hópinnunni úr hlaði og sagði niðurstöður eiga að þjóna sem veganesti fyrir næstu stjórn til að vinna úr. Hvað varðar nýja geisla þá var rætt um að við yrðum að leggja til hliðar skilyrði um að félagskonur komi úr mismunandi starfsstéttum til að freista þess að ná inn fleiri konum. Nokkrar umræður spunnust um þennan þátt og meðal annars að það ætti samkvæmt lagabókstafnum að fá inn konur úr mismunandi starfsstéttum.

https://www.dkg.is/static/files/skjol_landsamband/log_og_reglugerdir.pdf

Úr 1.gr. reglugerðar með 3. grein laga DKG,-c lið, bls. 12:

C. Kosning félagskvenna Deildarfundur skal ræða fjölgun félagskvenna og fyrir hvaða svið fræðslumála vanti einna helst fulltrúa. Félagskonur í deild gera síðan tillögur um hvaða konum skal bjóða þátttöku. Greiða skal atkvæði um tillögurnar í leynilegri kosningu og ákveður hver deild hvernig kosningu skal hagað.

Formlegur aðalfundur hófst svo að loknum líflegum umræðum í hópum þar sem félagskonur skráðu hugmyndir sínar og svör við ofangreindum spurningum.

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra. Guðlaug tilnefndi Sjöfn G. Vilhjálmsdóttur sem fundarstjóra. Samþykktu fundarkonur það og Sjöfn tók við fundarstjórn.
2. Kosning fundarritara. Ásta Egils var tilnefnd og samþykktu fundarkonur það.
3. Skýrsla stjórnar. Guðlaug flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárin 2016-2017 og 2017-2018 (Fylgiskjal 1).
4. Umræða um skýrslu stjórnar.
Theódóra spurði um þær konur sem við boðið var að kynna sér starfsemi DKG og ganga í Delta á síðustu tveimur starfsárum. Guðlaug svaraði því til að hún hefur verið í sambandi við hverja þeirra ogtar en einu sinni og sent þeim greinargóðar upplýsingar um starfsemi DKG. Allar lýstu þær lýstu áhuga á þátttöku en þáðu ekki boðið þrátt fyrir það. Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, yfirproskapjálfi í frístundamiðstöðinni Þorpinu á Akranesi er sú eina sem vill reyna áfram næsta vetur. Einnig mun Guðlaug ræða áfram við Kristínu Sigurbjörnsdóttur sem hefur mætt á nokkra fundi en ekki haft tök á að ganga í deildina enn sem komið er. Ásta ræddi við

Guðrúnu Guðbjarnadóttur sem mætti á einn fund en hún mun líklega ekki verða með. Sara Margrét Ólafsdóttir sem einnig hefur sótt fundi mun ekki heldur þiggja boð okkar. Skýrsla stjórnar var samþykkt einróma.

5. Ársreikningar lagðir fram. Sóley gjaldkeri lagði fram reikninga fyrir starfsárin 2016-2017 og 2017-2018 sem skoðunarmenn reikninga, þær Guðlaug Sverrisdóttir og Brynja Helgadóttir, höfðu samþykkt.
6. Umræða um ársreikninga. Sóley lagði til að deildin styrkti þær fjórar félagskonur sem sóttu vorþing DKG á Egilsstöðum 6. maí 2018 að upphæð sem næmi bæði þátttökugjaldi og flugi. Sú upphæð yrði færð inn á næsta reikningsár. Guðlaug spurði hvort þyrfti samþykkt aðalfundar til að styrkja félagskonur til þátttöku á þingum eða hvort það væri nóg að félagsfundur samþykkti það. Umræður spunnust um málið og ekki alveg ljóst hvernig þetta ætti að vera. Félagskonur töldu hins vegar sjálfsagt að styrkja þær sem fara fyrir hönd deildarinnar og var almenn sátt um að hafa þá ákvörðun í höndum stjórnar. Sigrún lýsti yfir ánægju með búsældarlegan reikning en sagði jafnframt að hún myndi ekki rukka fyrir ýmis gögn sem hún hefur lagt út fyrir, s.s. möppur og annað sem nýst hefur í starfi Delta deildar. Þakkaði Guðlaug henni fyrir það framlag. Ársreikningar voru samþykktir samhljóða.
7. Árgjald ákveðið. Sóley lagði til að árgjaldið héldist óbreytt næstu tvö starfsárin og var það samþykkt. Rætt var um að við legðum meira fé í happdrættisvinninga og mat ef við þyrftum á auknu fjármunum að halda fram að næsta aðalfundi.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga. Óskað var eftir tilnefningum á fundinum. Þrátt fyrir ýtarlega leit fundust engar heimildir um hverjir gegndu embættinu síðustu tvö starfsár en þær upplýsingar gæti legið í fundargerðarbókinni sem ekki finnst eins og er. Sóley lagði fram tillögu um að skoðunarmenn reikninga byggju á sama stað vegna hagræðis sem felst í því. Guðlaug stakk upp á Brynju Helgadóttur og Halldóru Jónsdóttur og mun hún ræða við þær um að taka starfið að sér og var klappað fyrir því.
9. Kosning nýrrar stjórnar. Theódóra, formaður uppstillingarnefndar (aðrar í nefndinni voru Elísabet og Dagný) gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og tilnefndi í nýja stjórn. Jónína Eiríksdóttir var tilnefnd sem nýr formaður Delta deildar fyrir starfsárin 2018 – 2019 og 2019- 2020 og var tilnefning hennar samþykkt með lófaklappi. Aðrar sem tilnefndar voru í stjórn eru Þórunn Reykdal, Dagný Emilsdóttir og Jónína Erna Arnardóttir og var tilnefning þeirra einnig samþykkt með lófaklappi. Ný stjórn mun skipta með sér störfum og velja sér gjaldkera.
10. Kosning þriggja í uppstillinganefnd. Tilnefndar voru Sjöfn G. Vilhjálmisdóttir, Guðlaug Sverrisdóttir og Ásta Egils. Var tilnefning þeirra í samræmi við samþykkt sem gerð var á 3. fundi Delta deildar 9. janúar 2018 og hún samþykkt með lófaklappi.
11. Kosning tveggja vefstjóra - Tilnefndar voru Guðlaug Sverrisdóttir og Ásta Egils. Guðlaug lýsti yfir áhuga sínum á að efla vefinn og ræddi þar m.a. vef þeta deildar sem góða fyrirmynd. Sigrún tók undir þetta og sagði mikilvægt að efnið sem sögunefndin tók saman kæmist inn á vef Delta deildar. Tilnefningin var samþykkt og auk þess að setja efni inn á vefinn munu Guðlaug og Ásta vinna að því að koma öllu efni deildarinnar inn á flakkarann þannig að það verði til reiðu þar.
12. Mætingarverðlaun. Guðlaug tók frumkvæði að því að veita mætingarverðlaun fyrir fundarsókn þau tvö starfsár sem hún hefur verið formaður. Verðlaunin hlaut Jónína Eiríksdóttir og er hún því réttmæt er mætingadrottning Deltadeildar 2016-2018 en hún sótti átta fundi af tíu á tímabilinu.
13. Stjórnarskipti. Formleg stjórnarskipti fórum fram þar sem nýjum formanni og nýjum stjórnarmeðlimum voru færðar rósir og óskir um gott gengi. Fráfarandi formanni var færð rós og þakkað fyrir mikið og gott starf sem og fráfarandi stjórnarmeðlimum.

Önnur mál

1. Elísabet sagði frá því að hún hefði farið að útför Þuríðar J. Kristjánsdóttur.

2. Sigrún afhenti Guðlaugu fráfarandi formanni möppuna góðu með gögnum sem sögunefndin tók saman fyrir 30 ára afmæli Delta deildar. Eftir er að prenta út og setja inn gögn frá Elsu, Halldóru og Soffíu og munu Guðlaug og Ásta sjá um að koma þeim í möppuna.
3. Jónína, okkar nýji formaður, tók til máls og sagðist taka við embættinu af auðmýkt og gleði. Hún átti ekki von á að gegna embættinu aftur en er þakklát fyrir traustið sagðist hún vona að henni auðnist að hafa tilfinningu fyrir óskum deildarinnar. Sagðist hún hafa verið að glugga í ýmis gögn frá aðþjóðasamtökum DKG eftir að sú staða kom upp að hún tæki að sér formannsstarfið. Þar væri m.a. rætt um að fjölga þyrfti í deildum og ræddi hún í framhaldi af því um mikilvægi þess að félagskonur settu deildarstarfið í forgang þrátt fyrir annir. Sagðist hún vilja vinna að því að konur mæti á fundi og kastaði fram þeirri hugmynd hvort beita ætti sektum ef þær mættu ekki. Var í því sambandi rætt um að við ættum a.m.k. að borga einn til tvo happdrættismiða fyrir hvern fund þó svo við mættum ekki. Leysti hún svo félagskonur út með gjöf sem hún nefndi „Delta deild í fóstur“ en það var salatplanta sem þær eiga að hlúa að og borða í sumar.
Jónína sýndi okkur svo myndir sem voru á filmunni dularfullu sem fannst í gögnum Delta. Myndirnar hafa ekkert með starf Delta að gera en eigandinn er líklega Jóhanna Karlsdóttir þar sem Guðmundur eiginmaður hennar á nokkrum þeirra.
4. Elísabet lagði áherslu á að félagskonur temdu sér almennar kurteisireglur við að svara pósti frá stjórn og greina frá því hvers vegna þær gætu ekki mætt á fundi ef sú væri staðan hjá þeim. Theódóra upplýsti að slíkt væri regla hjá Zonta konum og sagði Guðlaug að hún hefði viljað fara fram á þetta í vetur en Ásta dró úr því ☺.
5. Aðalfundi var slitið kl. 16.00

Að loknum aðalfundi bauð Jónína upp á kaffi og tertu og dregið var í happdrættinu. Theódóra hlaut vinninginn að þessu sinni.

Ásta Egils
Ritari 2017 - 2018